

BÍÓ

304. tbl. maí 2019

# MYNDIR

mánaðarins

TARON EGERTON *is* ELTON JOHN


# ROCKETMAN



# FRÍSKANDI BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR



# Herra Hnetusmjör er lentur

Eruð þið búin að horfa á nýjstu þættina af KLING KLING?  
Fylgstu með í Sjónvarpi Símans Premium og appinu.



NÁÐU Í APPIÐ  
TIL AÐ HORFA



## Útgefið í maí

### DVD og BluRay

3.5.	Vice	Myndform	Sannsgulegt	16 ára	12
16.5.	Cold Pursuit	Myndform	Spennumynd	16 ára	21
16.5.	Alita: Battle Angel	Sena	Ævintýri	12 ára	22
23.5.	Fighting with My Family	Myndform	Sannsgulegt	12 ára	26
29.5.	The Upside	Myndform	Gamandrama	12 ára	30
29.5.	Mary Queen of Scots	Myndform	Drama	16 ára	31

### VOD

2.5.	Dragged Across Concrete	Sena	Spennumynd	16 ára	10
2.5.	Miss Bala	Sena	Spennumynd	16 ára	10
3.5.	The Children Act	Myndform	Drama	9 ára	11
3.5.	Alvinnn!!! og íkornarnir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	11
3.5.	Vice	Myndform	Sannsgulegt	12 ára	13
3.5.	Le retour du héros	Myndform	Gamanmynd	12 ára	14
9.5.	Slaughterhouse Rulez	Sena	Grínhröllur	16 ára	15
9.5.	Mary Poppins Returns	S & V	Fjölskyldumynd	Leyfð	16
10.5.	Finding Your Feet	Myndform	Gamanmynd	Leyfð	18
10.5.	Billi Blikk	Myndform	Barnaefni	Leyfð	18
10.5.	Að synda eða sökkva	Myndform	Gamanmynd	12 ára	19
13.5.	The Mule	S & V	Sannsgulegt	12 ára	20
16.5.	Cold Pursuit	Myndform	Spennumynd	16 ára	21
16.5.	Alita: Battle Angel	Sena	Visindaskáldsaga	12 ára	22
16.5.	The Kid Who Would Be King	S & V	Ævintýri	9 ára	23
17.5.	Suspiria	Myndform	Tryllir	16 ára	24
17.5.	Mía og ég	Myndform	Barnaefni	Leyfð	24
17.5.	Journeyman	Myndform	Drama	12 ára	25
23.5.	Yao	Sena	Gamandrama	Leyfð	25
23.5.	Fighting with My Family	Myndform	Sannsgulegt	12 ára	25
24.5.	One Nation, One King	Myndform	Sannsgulegt	16 ára	26
24.5.	Matters of the Heart	Myndform	Drama	9 ára	27
24.5.	Oggy og kakkalakkarnir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	28
28.5.	The Favourite	S & V	Gamandrama	12 ára	29
29.5.	The Upside	Myndform	Gamandrama	12 ára	30
30.5.	Men in Black	Sena	Gamanmynd	12 ára	32
30.5.	Men in Black 2	Sena	Gamanmynd	6 ára	32
30.5.	Men in Black 3	Sena	Gamanmynd	9 ára	32
31.5.	Greta	Myndform	Spennumynd	16 ára	33
31.5.	Tappi mús	Myndform	Barnaefni	Leyfð	33

### Tölvuleikir

Apríl	Days Gone	Sena	Hasarleikur	18+	36
21.5.	Team Sonic Racing	Sena	Kartleikur	3+	37
29.5.	Blood & Truth	Sena	Skotleikur	16+	38



## MYNDIR MÁNAÐARINS

304. tbl. maí 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Isafoldarprentsmiðja


Upplag: 20.000 eintök



TVÆR GÓÐAR  
Á DVD Í MAÍ



MYNDFORM




DOMINOS.IS DOMINO'S APP

# GREIDDU FYRIRFRAM

## MEÐ APPINU EÐA Á NETINU!

Þú getur flýtt fyrir og einfaldað pöntunarferlið með því að nota appið og vefinn. Þar getur þú pantað, greitt fyrirfram og fylgst með pöntuninni.



# Stjörnuspá mánaðarins



## Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Framtíðarhorfurnar þínar hafa sjaldan eða aldrei verið jafn bjartar og þær eru einmitt núna og það eina neikvæða sem lesa má úr kortunum er að þú færð stein í skóinn. Hristu hann bara úr.



## Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Þér verður boðið að ganga í nokkur félög á næstu dögum sem hafa það á stefnuskránni að plokka af þér peninga. Segðu nei, takk og hlauptu hratt í burtu, helst upp á Holtavörðuheidi.



## Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Stjörnukortíð þitt fyrir maímánuð er mjög óvenjulegt í þetta sinn því það er allt út í einhverjum svörtum blettum. Þú þarft að athuga það og um leið hvað það kostar að stofna vistvænt geitabú.



## Nautið 20. apríl - 20. maí

Ekki láta neikvæðar raddir hafa áhrif á þig nema ef það er löggan að biðja þig um að vera ekki með stæla. Þú tekur afstöðu í máli sem snertir yfirbrunna brauðrist og liggur ekki á þinni skoðun.



## Tviburarnir 21. maí - 21. júní

Þú dregur auga í pung sem er auðvitað ekki fallega gert en sleppur með það af því að enginn var að horfa. Reyndu að sjá lausnir í vandamálunum frekar en vandamál í lausnunum og þá fer allt vel.



## Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Þér líður enn dálítið eins og þú sért lítill, ódýr og einnota kveikjari sem er alveg að verða búinn með gasið. Reyndu að hressa þig við með því að skella þér suður á Flatir að fleyta bárum.



## Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Það steðja að þér gríðarlega erfið mál á næstu vikum sem krefjast skjótra og úthugaðra úrlausna. Sópaðu þeim undir teppið og íhugaðu frekar hvernig þú kemst ódýrt til útlanda í sumar.



## Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Það óvenjulega gerist hjá þér í maí að það vex á þig nýr handleggur með innbyggðum síma. Vondu fréttirnar eru að hann virkar ekki. Kærðu þig koll-ötta(n) og skráðu þig í Tækniskólann.



## Vogin 23. sept. - 23. okt.

Þú ofþornar þann sextánda maí en þarft ekki að hafa áhyggjur af því fyrir en þann fimmtánda. Þangað til skaltu halda áfram að elta drauma þína þótt þeir séu alveg fáránlega heimskulegir.



## Sporðrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þú færð gífurlegan áhuga á geimvísindaprógrömmum upp úr tólfta en hann endist ekki lengi frekar en annað. Láttu engan segja þér fyrir verkum og láttu alla vita hver færður með því að slá

framhald í næstu stjörnuspá



## Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Það birtir verulega til hjá þér í maí eins og reyndar hjá öllum sem búa á norð-urhveli Jarðar. Hugsaðu þig um áður en þú tekur áhættu því það situr einhver á svikaráðum, sennilega Þráinn.



## Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Sumarið er uppáhaldstími allra sem fæddir eru í steingeitarkerkinu enda gefst þeim þá góður tími til að taka til í geymslunni, klára það sem hefur setið á hakanum og bregða sér til Blönduóss.

## Hitt og þetta ...

Hvað eiga þau Jamie Dornan, Wes Anderson, Dwayne Johnson, Henry Cavill, George Clooney, Rosario Dawson, Emilio Estevez, Domhnall Gleeson, Ving Rhames, Gabriel Byrne, Jason Biggs, Robert Pattinson, Harvey Keitel, Samantha Morton, Cate Blanchett, George Lucas, Robert Zemeckis, Tim Roth, Sofia Coppola, Megan Fox, Danny Trejo, Pierce Brosnan, Debra Winger, Tina Fey, Rebecca Hall, Judge Reinhold, John C. Reilly, Alfred Molina, Kristin Scott Thomas, Jim Broadbent, Priscilla Presley, Ian McKellen, Cillian Murphy, Anne Hecke, Mike Myers, Octavia Spencer, Jackie Weaver, Helena Bonham Carter, Pam Grier, Tarsem Singh, Joseph Fiennes, Paul Bettany, Joseph Gordon-Levitt, Carey Mulligan, Annette Bening, Rupert Everett, Clint Eastwood, Colin Farrell, Tom Berenger, Chris Elliott, Lea Thompson, Chow-Yun Fat og Brooke Shields sameiginlegt?

Jú, þau eiga öll afmæli í maí, alveg eins og Danny Elfman, Kylie Minogue, Lenny Kravitz, Matt Stone, Stevie Nicks, Jamie Kennedy, Tommy Chong, Bob Dylan, Drew Carey, David Beckham, Lance Bass, Randy Travis, Adele, Enrique Iglesias, Billy Joel, Bono, Linda Evangelista, Stevie Wonder, Stephen Colbert, Janet Jackson, Craig Ferguson, Bob Saget, Pete Townshend, Cher og áreiðanlega margir fleiri.



Sá sem leikur hinn eldhressa Jack í *Mary Poppins Returns*, Lin-Manuel Miranda, hefur ekki leikið í mörgum bíómyndum og í raun má segja að *Mary Poppins Returns* sé fyrsta stóra myndin sem hann leikur í. Í Bandaríkjunum hefur hann hins vegar fyrir löngu skapað sér nafn sem sviðsleikari, handrita-, söngleikja- og lagahöfundur, enda hefur hann hlotið tvennu Tony-verðlaun, Grammy-verðlaun og Emmy-verðlaun. Hann var einnig tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir lagið *How Far I'll Go* úr teiknimyndinni *Moana (Vaiana)* og ef hann hefði hlotið þau hefði hann orðið sextánda manneskjan í sögu bandaríska skemmtiðnaðarins til að hampa svokallaðri EGOT-alslemmu en svo kallast það þegar ein og sama persónan hefur hlotið Emmy-, Grammy-, Óskars- og Tony-verðlaun. Næli hann sér í Óskar, sem margir spá að hann muni gera, verður hann jafnframt þriðji Pulitzer-verðlaunahafinn í sögunni til að ná þeim árangri.




Í maí verða liðin 20 ár síðan myndin *Notting Hill* var frumsýnd en hún er áreiðanlega á topp 10-lista margra yfir bestu rómantísku kómedíur sem þeir hafa séð.



Um leið verða liðin 40 ár síðan tvær af frægustu myndum allra tíma voru frumsýndar, þ.e. *Apocalypse Now* og *Alien*, en þær voru báðar frumsýndar í maí 1979 og erum við þá að tala um fyrstu frumsýningar erlendis því á þeim tíma leið alltaf dálítill tími, jafnvel ár, þar til nýjustu myndirnar komu loksins í bíó á Íslandi.



Fimmtugsafmæli fagnar svo myndin *Midnight Cowboy* sem var frumsýnd 25. maí 1969 í New York og átti eftir að fá Óskarinn sem besta mynd ársins.



Clint Eastwood er eitt af afmælisbörnum maímánaðar en hann verður 89 ára 31. maí. Um leið eru liðin 64 ár síðan hann steig sín fyrstu leiklistarspor árið 1955, 25 ára að aldri, og segir sagan að hann hafi í fyrstu fengið hlutverk út á útlitið frekar en leikhæfileikana. Samt sem áður einkenndust fyrstu árin hans í leiklistinni af talsverðu ströggli, en úr því tók að rætast árið 1959 þegar hann fékk hlutverk í sjónvarpsþáttunum *Rawhide* sem náðu talsverðum vinsældum. Það var svo árið 1964 þegar ítalski leikstjórinn Sergio Leone fékk Clint í hlutverk nafnlausu byssumannsins í spaghettivestranum *A Fistful of Dollars* og síðan framhaldsmyndunum *For a Few Dollars More* og *The Good, the Bad and the Ugly* að stjarna hans reis upp í hæstu hæðir þar sem hún hefur ávallt haldið sig síðan. Við hvetjum alla til að heiðra kappann með því að sjá nýjustu mynd hans, *The Mule*, sem lesa má um á bls. 20 hér aftar í blaðinu.

**ÞÚ ERT  
EKKI  
ÞÚ ÞEGAR  
ÞÚ ERT  
SVANGUR**



**ER MÁLIÐ!**



Pabbi hét Vernon Vaughn og mamma var eitthvað svo hrifin af V-inu að hún skýrði okkur systkinin V-nöfnum, Vince, Victoria og Valerie. Okkur fannst þetta svalt en það skyggði á að hundarnir hétu líka V-nöfnum.

- *Vince Vaughn.*



Þetta er mynd um mannlega hegðun og mannleg hegðun hefur alltaf verið áhugamál hjá mér. Hvað fólk gerir, hvernig það hegðar sér. Hvernig það bregst við. Og litli strákurinn í þessari mynd ... Justin Henry ... ég held að það sé besti leikur sem barn á hans aldri hefur sýnt.

- *Emily Blunt, að tala um eina af sínum uppáhaldsmyndum, Kramer vs Kramer.*



Til hvers á maður að lesa gagnrýni? Ég meina, gerð myndarinnar er lokið, hún er komin út, það er verið að sýna hana, það er ekki hægt að breyta henni. Ef þeir hefðu skrifað gagnrýnina áður en myndin var gerð þá væri kannski vit í að lesa hana, ekki eftir á.

- *Stephen Merchant.*



Það er ástæða fyrir því að leikarar umgangast leikara meira en aðra. Hún er sú að þegar leikarar eru saman þá eru þeir ekki að spyrja hvernig það hafi verið að leika í þessu og þessu, eða hvort maður hafi hitt þennan eða þennan, eða hvað manni finnst um þessa mynd og þennan leikstjóra. Leikarar eru einfaldlega eina fólkíð sem maður getur verið með án þess að þurfa stöðugt að svara þessum spurningum.

- *Bryan Cranston.*



Leikstjórni. Ekki það að mér finnst ekki gaman að leika, mér finnst það, en leikstjórni gefur meira af sér vegna þess að þá hefur maður meiri stjórn yfir verkinu.

- *Mel Gibson, spurður hvort honum finnst skemmtilegra, að leikstýra eða leika.*



Að búa til bíómynd er löng ferð í gegnum langan dal sem er fullur af málamiðlum.

- *Hans Petter Moland, sem leikstýrir myndinni Cold Pursuit.*



Sú versta? Ja ... ég veit að maður á ekki að vera að setja sig á háan hest því auðvitað skiptast á skin og skúrir í þessu eins og öllu öðru og maður hefur svo sem sjálf klúðrað hlutum ... en ... ég held samt að ég megi segja að ég vildi óska þess að myndin *Confetti* væri ekki á ferilskránni minni.

- *Olivia Coleman.*




Fyrir mig þá er þetta ekki vinna. Þetta er ástríða. Þetta er skemmtilegt og gefandi. Ég veit eiginlega ekki af hverju ég elska þetta. Ég bara geri það. Að útskýra hvers vegna er eins og að reyna að útskýra hvers vegna maður elskar foreldra sína. Það er ekki hægt, maður bara elskar þá.

- *Saoirse Ronan, um leiklist.*



*Airplane*, engin spurning. Ég fór á hana oft í bíó og grét af hlátri í hvert sinn. „Boy Trapped in Refrigerator Eats Own Foot“ er besti bíóbrandari allra tíma.

- *Adam McKay, um uppáhaldsmyndina.*



Berðu virðingu fyrir sjálfum þér og líkama þínum. Berðu virðingu fyrir verkefnum þínum. Sjálfsvirðing leiðir af sér sjálföruggi og sjálföruggi leiðir af sér sköpunarkraft.

- *Clint Eastwood.*



Ég á mjög erfitt með að tala um myndirnar mínar því ég vil að hver og einn upplifi þær á sinn hátt. Ef ég færi að reyna að lýsa þeim myndi ég skemma þá upplifun því þá færi fólk að reyna að sjá þessar myndir með mínum augum. Og það vil ég ekki.

- *Yorgos Lanthimos.*



Já, það var skritin upplifun sem ég var engan veginn búin undir. En ég var með frábæra ráðgjafa.

- *Margot Robbie, um skyndifrægðina eftir The Wolf of Wall Street.*



Ég get verið alveg jafn illskeyttur og orðljótur og hver annar. En ég hef val og ég hef valið að reyna að láta bara það frá mér sem ég myndi vilja fá til baka.

- *Lin-Manuel Miranda.*



Ég er þakklát fyrir hvert það starf sem mér er boðið. Ég veit hvað það er að vera atvinnulaus.

- *Rosa Salazar.*



Það halda næstum því allir að ég sé rauðhærð. Skiljanlega. En ég er ljóshærð. Þetta rauða er litur.

- *Emma Stone.*



Það er ekkert jafn tilgangslaut og frægðin. Raunverulegur tilgangur lífsins er að kunna að rækta góðar gulrætur.

- *Jean Dujardin.*





GERIR GOTT ENN BETRA



Náttúruleg hráefni



Með sólblómaolíu



Er partý hjá þér?





Stigið yfir strikið

Þegar lögreglumennirnir Brett Ridgeman og Anthony Lurasetti (Mel Gibson og Vince Vaughn) eru sendir í sex mánaða launalaust „leyfi“ fyrir að hafa gengið fullharkalega fram við síðustu handtöku ákveða þeir að gerast sjálfir ræningjar, enda hafa þeir bæði kunnáttuna og þekkinguna sem til þarf!

Hér er okkur sögð mögnuð saga af tveimur lögreglumönnum í ónefndri borg sem lenda í miklum fjölmiðlastormi með tilheyrandi samfélagsmiðlaumræðu þegar myndband af síðustu handtöku þeirra fer á flug, en það þykir sýna þá sem algera fanta. Í kjölfarið eru þeir sendir í launalaust leyfi en á því hafa þeir engin efni, sérstaklega ekki sá eldri þeirra, Brett. Hann ákveður því að nýta sér þekkingu sína á undirheimunum til að komast yfir góss glæpamanna og svo fer að sá yngri, Anthony, gengur í lið með honum. Hvorugur gerir sér grein fyrir afleiðingunum ...

**Punktur** .....  
 ★★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★1/2 - *Slant* ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *R.Ebert* ★★★★★1/2 - *L.A. Times*

• *Dragged Across Concrete* er þriðja mynd óháða leikstjórans og handritshöfundarins S. Craigs Zahler en þær fyrri eru hinar fantagóðu *Bone Tomahawk* og *Brawl in Cell Block 99*.

• Fyrir utan Mel Gibson eru nánast allir leikarar myndarinnar og aðstandendur þeir sömu og komu að gerð *Brawl in Cell Block 99*.

• Auk leikaranna sem nefndir eru hér í kreditlistanum t.v. fara þau Thomas Kretschmann, Udo Kier, Laurie Holden, Tory Kittles og Michael Jai White með veigamikil hlutverk í myndinni.



Þegar lögreglumennirnir Anthony og Brett (Vince Vaughn og Mel Gibson) eru sendir í launalaust leyfi ákveða þeir að nota þekkingu sína í eigin ágóðaskyni.



**Aðalhl.:** Mel Gibson, Vince Vaughn, Jennifer Carpenter og Don Johnson **Leikstj.:** S. Craig Zahler **Útg.:** Sena

Spenna/sakamáli

2. maí



Gerðu hið rétta

Gloria er bandarísk kona sem í heimsókn hjá vinkonu sinni í Mexíkó er rænt af þarlendum eiturfylfja- og smyglhring, Las Estrellas, og neydd til að vinna fyrir þá.

Hér er á ferðinni hörkuspennandi mynd frá upphafi til enda sem er lauslega byggð á sönnum en alveg ótrúlegum atburðum.

Gina Rodriguez leikur hér ferdunarmeistarann Gloríu sem fer til Mexíkó að hitta vinkonu sína Suzu sem hefur skræð sig í fegurðarsamkeppni og þiggur því með þökkum þá aðstoð sem Gloria getur veitt henni. Málin taka hins vegar óvænta stefnu þegar þær fara saman út að skemmta sér og lenda þá í árás Las Estrellas-glæpahópsins á skemmtistaðinn sem þær eru staddar á. Þar með breytist líf Gloríu að eilífu ...



Kate Hudson varð fertug 19. apríl og bauð af því tilefni vinum og vandafólki í kaffi og með því á heimili sínu og auðvitað lét ein besta vinkonan, Gwyneth Paltrow, sig ekki vanta.



Spenna/hasar

2. maí



**Punktur** .....  
 ★★★★★1/2 - *S.F. Chronicle* ★★★★★ - *ReelViews* ★★★★★ - *N.Y. Post* ★★★★★ - *Chicago Tribune*

• Myndin er endurgerð samnefndrar myndar mexíkóska leikstjórans Gerardo Naranjo sem var frumsýnd 2011 og varð ein vinsælasta mynd ársins í þarlendum kvikmyndahúsum.

**Aðalhlutverk:** Gina Rodriguez, Ismael Cruz Córdova, Matt Lauria, Ricardo Abarca, Anthony Mackie og Thomas Dekker **Leikstjórn:** Catherine Hardwicke **Útgefandi:** Sena

Gina Rodriguez og Ismael Cruz Córdova í hlutverkum sínum í myndinni.



**Aðalhl.:** Emma Thompson, Stanley Tucci, Fionn Whitehead og Ben Chaplin **Leikstjórn:** Richard Eyre **Útgefandi:** Myndform

Drama

3. maí

## Allir þurfa að taka ákvarðanir

Óskarsverðlaunaleikkonan Emma Thompson sýnir hér snildarleik í hlutverki hæstaréttardómarans Fionu Maye sem fær til úrskurðar mál þar sem læknar vilja veita ungum manni blóðgjöf til að freista þess að bjarga lífi hans, gegn samþykki hans sjálfs og foreldra hans af trúarlegum ástæðum.

Í Bretlandi eru í gildi lög, The Children Act, sem segja fyrir um að velferð barna skuli ávallt höfð að leiðarljósi í dómsmálum sem þau snerta og skipti meira máli en vilji foreldra þeirra eða forráðamanna. Málin vandast hins vegar verulega þegar barnið sjálft er á öndverðri skoðun eins og í tilfelli hins 17 ára gamla Adams sem þjáist af hvítblæði en vill alls ekki þiggja blóðskipti þótt þau gætu bjargað lífi hans. Það gerir málið enn erfiðara fyrir Fionu að hún glímir sjálf við alvarlega tilvistarkreppu á heimavelli þar sem hjónaband hennar og eiginmannsins Jacks riðar til falls ...

## Punktur .....

★★★★★ - *Film Threat* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★ - *Screen Intern.* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★1/2 - *IndieWire*

• Myndin er byggð á samnefndri verðlaunabók breska rithöfundarins lans McEwan sem kom út 2014, en lan skrifaði einnig handrit myndarinnar.

• Leikstjórinn Richard Eyre á margar góðar myndir að baki og má þar nefna verðlaunamyndirnar *Iris*, *Notes on a Scandal* og *The Dresser*.

• Þótt sagan í myndinni sé ekki byggð á sannri sögu sækir hún innblásturinn í raunveruleg dómsmål þar sem blóðgjöf var hafnað af trúarástæðum.



Emma Thompson og Stanley Tucci leika hjónin Fionu og Jack í *The Children Act*.

## Alvin!!! og íkornarnir

Stórskemmtileg teiknimyndasýrpa um ævintýri sex eldförugra íkornabarna sem eru stöðugt að lenda í alls konar ævintýrum og óvæntum uppákomum, uppeldisföður þeirra, Davíð, oftast en ekki til mikillar mæðu.

Þessir þættir komu fyrst út í mars 2015 og slógu þegar í gegn á bandarísku og frönsku Nickelodeon-sjónvarpsstöðvunum. Í framhaldinu hafa þeir verið sýndir víða og alls staðar verið vel tekið. Hér segir frá hinum ókvænta Davíð sem tekið hefur að sér að ala upp sex íkornakrakka, þrjár stráka og þrjár stelpur. Það gengur því að sjálfsögðu mikið á á heimilinu því íkornakrakkarnir eru hugmyndaríkir með eindæmum og óhræddir við að feta nýjar slóðir í hverju því sem þeir taka sér fyrir hendur. En stundum þrýtur Davíð þolinmæðina og þegar það gerist kallar hann yfir sig: „ALVINNN!!!“




**Teiknimynd** með íslensku tali um sex íkornakrakka og ævintýri þeirra **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

3. maí





## Vice

Sannsögulegt / Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Christian Bale, Amy Adams, Steve Carell, Sam Rockwell, Tyler Perry, Eddie Marsan, LisaGay Hamilton, Jesse Plemons og Lily Rabe **Leikstjórn:** Adam McKay **Útgefandi:** Myndform

3. maí



Sam Rockwell í hlutverki George W. Bush, forseta Bandaríkjanna.

### Veistu svarið?

Þótt Christian Bale sé aðeins 45 ára á hann að baki 32 ára farsælan leikferil enda sló hann í gegn aðeins 13 ára gamall í sinni fyrstu bíómynd, *Empire of the Sun*. Hver leikstýrði honum í þeirri mynd?



Steven Spielberg

## Sagan sem aldrei var sögð

Kvikmyndin *Vice* fjallar á gamansaman en flugbeittan hátt um Dick Cheney, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna í stjórn Georges W. Bush á árunum 2001 til 2009, en Cheney notaði áhrif sín og völd til að fara sínu fram og er margt af því sem hann gerði verulega umdeilt og verður það um ókomin ár.

Leikstjóri myndarinnar og handritshöfundur er Adam McKay sem sendi síðast frá sér hina margföldu verðlaunamynd *The Big Short* en hún er að margra mati ein besta mynd sem gerð hefur verið um bankahrunið 2008. Hér leikur hann sér að því að draga upp á yfirborðið ýmislegt sem Dick Cheney kom til leiðar á sínum stjórn-málaferli og um leið kynnumst við sögu hans, allt frá því að hann kom fyrst fram á sjónarsvið stjórnmalanna á áttunda áratug síðustu aldar, en Cheney hafði víða komið við áður en hann varð varaforseti.



Christian Bale og Amy Adams leika Dick og Lynne Cheney en fyrir leik sinn hlaut Christian Golden Globe-verðlaunin og Amy hlaut tilnefningu til þeirra. Bæði voru þau síðan tilnefnd til BAFTA- og Óskarsverðlauna og myndin sjálf sem besta mynd ársins í báðum tilfellum.

## Punktar .....

★★★★★ - *Los Angeles Times* ★★★★★ - *Hollywood Reporter*  
 ★★★★★1/2 - *N. Y. Post* ★★★★★1/2 - *USA Today* ★★★★★ - *IGN*  
 ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Guardian*  
 ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Entert. W.*

• Fyrir utan að vera talin ein besta og skemmtilegasta mynd ársins 2018 af mörgum gagnrýnendum hefur *Vice* verið hlaðin verðlaunum og viðurkenningum, þ. á m. sex Golden Globe-tilnefningum þar sem Christian Bale hlaut verðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki, sex BAFTA-tilnefningum og átta Óskartilnefningum.



Steve Carell leikur varnarmálaráðherrann Donald Rumsfeld.

MMMMMMM

# KiMs

Þú verður bara að smakka





## Endurkoma hetjunnar

Árið er 1809 og kaffeinn Neuville þarf að sinna skyldum sínum á vígvellinum áður en hann kvænist sinni heittelskuðu Pauline sem bíður hans svo með slíkri óþreyju að systir hennar Elísabet ákveður að skrifa henni bréf fyrir hans hönd til að hún verði ekki veik – en ekki bara til þess heldur einnig til að kveikja áhuga hennar á öðrum manni því Elísabet er viss um að kaffeinninn muni aldrei snúa aftur. Það á hann þó eftir að gera, þremur árum síðar!

Það er óhætt að mæla með þessari eldhressu gamanmynd sem er sprenglægi- leg á löngum köflum og nálgast að vera hin besta farsí. Henni hefur verið lýst sem nokkurs konar Jane Austin-sögu eins og P. G. Wodehouse hefði skrifað hana og sennilega er það ein besta lýsingin sem hægt er að gefa á henni í stuttu máli.

### Punktur .....

- Leikstjóri myndarinnar, Laurent Tirard sem skrifar einnig handritið ásamt Grégoire Vigneron, hefur um árabil verið einn vinsælasti kvikmyndagerð- armaður Frakka, allt frá því hann sendi frá sér sína fyrstu mynd, *Mensonges et trahisons et plus si affinités*, árið 2004. Hér á landi er hann sennilega þekkt- astur fyrir myndir sínar um Nikulás litla, *Petit Nicolas* og *Les vacances du petit Nicolas*, en hann er t.d. einnig höf- undur hinna bráðskemmtilegu mynda *Molière* og *Un homme à la hauteur*.



Mélanie Laurent og Jean Dujardin leika þau Elísabetu og Neuville kaffein í þessari stórskemmtilegu gamanmynd.

- Sá sem leikur kaffein Neuville, Jean Dujardin, hlaut Óskarsverðlaunin árið 2012 fyrir leik sinn í þöglu myndinni *The Artist*. Hann þykir sýna sannkallaða snilldartakta í *Endurkomu hetjunnar*.



**Aðalhl.:** Jean Dujardin, Mélanie Laurent, Noémie Merlant og Christian Bujeau **Leikstj.:** Laurent Tirard **Útg.:** Myndform

Gamanmynd


3. maí



Seth MacFarlane var harðánægður með að fá sína eigin stjörnu í Walk of Fame-gangstéttina við Hollywood-breiðstrætið í Los Angeles 23. apríl og brosti út að eyrum eins og venjulega.



Þess má geta að þau Anne Hathaway og Robert DeNiro eru á meðal þekktustu leikara sem hafa ekki enn fengið Walk of Fame-stjörnu. Ótrúlegt en satt! Úr þessu verður þó bætt á næstunni.



Scarlett Johansson brosti breitt og hélt sér í unnustann, Colin Jost, þar sem þau komu saman til að vera viðstödd forsýningu á *Avengers: Endgame* í Los Angeles 22. apríl.

## Heimsókn frá helvíti

Allt verður vitlaust, í orðsins fyllstu merkingu, þegar risastór hola myndast við breskan heimavistarskóla og upp úr henni skríða alls konar óvættir sem hefjast handa við að gera nemendum og kennurum skólans lífið leitt.

*Slaughterhouse Rulez* er hrollvekjuskotinn farsí sem byggður er í kringum frumlega sögu af sannkallaðri heimsókn frá helvíti en inniheldur um leið tilvísanir í fjölmargar breskar myndir, allt frá *If...* til *Shaun of the Dead* og *Hot Fuzz*, og jafnvel í *Harry Potter*-myndirnar. Leigðu hana og þá færðu að sjá hvernig persónur myndarinnar bregðast við skrímslum sem ætla að breyta þeim öllum í blóðkókur ...

### Punktur .....

- *Slaughterhouse Rulez* er framleidd af þeim félögum Simon Pegg og Nick Frost og er um leið fyrsta myndin sem framleiðslufyrirtæki þeirra, Stolen Picture, sendir frá sér. Þeir leika líka báðir í myndinni.

- Í myndinni er að finna fjölmargar tilvísanar í aðrar breskar myndir, ekki síst í myndina *If...* frá árinu 1969 sem Lindsay Anderson leikstýrði og Malcolm McDowell lék aðalhlutverkið í.

- Í raun er enginn sérstakur í „aðalhlutverki“ hér því persónum og leikendum ægir saman í fjölmörgum og fjölbreyttum sketsum sem saman mynda eina heild að lokum. Fyrir utan þau sem nefnd eru í kreditlistanum hér t.v. leika þau Tom Rhys Harries, Finn Cole, Hermione Corfield og Isabella Laughland stór hlutverk í myndinni.



Simon Pegg og Michael Sheen leika kennarann Meredith og skólameistarann „The Bat“ sem bregðast misjafnlega við skrímslunum sem komin eru í heimsókn.



**Aðalhl.:** Simon Pegg, Margot Robbie, Asa Butterfield, Michael Sheen og Nick Frost **Leikstj.:** C. Mills **Útg.:** Sena

Grínhrollur/farsi

9. maí



Justin Theroux var í New York á dögnum að taka upp atriði í tryllinum *False Positive* eftir John Lee sem til stendur að frumsýna haustið 2020. Pierce Brosnan leikur hitt aðalhlutverkið.



Hailey Baldwin, sem nú ber reyndar ættarnafnið Bieber eftir að hún og Justin Bieber gengu í hjónaband, er dugleg í ræktinni og mætir hér í pilates-tíma í Los Angeles 18. apríl.



Þarna faðmast þau Hugh Grant og Nicole Kidman á Manhattan í New York 16. apríl þar sem þau voru að leika í nýrri sex-þátta sjónvarpsseríu eftir David E. Kelley, *The Undoing*.

## Allt er mögulegt, líka hið ómögulega

Mary Poppins er komin aftur, 55 árum eftir að samnefnd mynd um hana og Banks-fjölskylduna sló í gegn um allan heim. Í það skiptið var það Julie Andrews sem lék Mary en í þetta sinn er það Emily Blunt sem leikur þessa söngelsku, rammgöldróttu og fljúgandi barnfóstru sem er úrræðagóð með afbrigðum.

Myndin gerist um 25–30 árum eftir atburðina í fyrri myndinni og Banks-krakkarnir Michael og Jane eru sjálf orðin fullorðin. Michael býr enn í húsinu við Kirsuberjagötu og á nú þrjú börn á svipuðum aldri og hann og Jane voru þegar Mary Poppins kom fyrst í heim-sókn. Þegar alvarlegur fjölskylduvandi steðjar að sem Banks-fjölskyldan á erfitt með að höndla birtist Mary Poppins á ný á heimilinu, staðráðin í að bjarga málanum og alveg viss um að hún geti það ...



Emily Blunt í hlutverki sínu sem barnfóstran góða Mary Poppins og í hlutverkum Banks-krakkanna Johns, Annabel og Georgies eru þau Nathanael Saleh, Pixie Davies og Joel Dawson.

## Mary Poppins Returns

Evintýri / Fjölskyldumynd

VOD L 139 mín

**Aðalhlutverk:** Emily Blunt, Ben Wishaw, Lin-Manuel Miranda, Emily Mortimer, Julie Walters, Meryl Streep, Colin Firth, Angela Lansbury, David Warner, Pixie Davies, Nathanael Saleh, Joel Dawson og Dick Van Dyke **Leikstjórn:** Rob Marshall **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

9. maí



Eins og í 1964-myndinni fara þau Mary Poppins, Jack og Banks-krakkarnir m.a. í heimsókn til teiknimyndalands þar sem gleðin tekur völd.

### Veistu svarið?

Mary Poppins-myndin sem frumsýnd var í ágúst árið 1964 var tilnefnd til þrettán Óskarsverðlauna á sínum tíma og hlaut fimm þeirra, þar á meðal Julie Andrews fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna. En hver var leikstjóri þessarar myndar?



Robert Stevenson

## Punktar .....

★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★1/2 - *N. Y. Post* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter* ★★★★★1/2 - *Screen* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *The Observer* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *CineVue*

• Með stærstu hlutverkin fyrir utan Emily Blunt, Lin-Manuel Miranda og krakkana þrjá fer fjöldi þekktra leikara, þ. á m. Ben Wishaw, Colin Firth, Julie Walters, Meryl Streep, David Warner, Angela Lansbury og Emily Mortimer auk þess sem Dick Van Dyke, sem lék bæði hinn glaðlynda fjöllistamann og sótaran Bert og bankastjórnann Dawes í fyrri myndinni, leikur nú Dawes yngri, en Dick er nú orðinn 93 ára.



Hinn glaðlyndi Jack, sem er sannkallaður hrókur alls fagnaðar hvar sem hann kemur og besti vinur Mary, er leikinn af Lin-Manuel Miranda.



PRÓFAÐU  
NÝJU

# MicellAIR<sup>®</sup>

## HREINSILÍNUNA

FYRIR VATNSHELDAN FARÐA



**NIVEA MicellAIR Expert** hreinsilínan fjarlægir vatnsheldan farða á mildan en áhrifaríkan hátt með Miceller tækninni, í bland við þurrolíu og svart te. Það er óþarfi að skola af eða nudda. Hreinsar fullkomlega og án þess að skilja eftir filmu eða klístur.



## Endirinn er bara byrjunin

Þegar Sandra Abbott kemst að því að eiginmaður hennar til 35 ára hefur átt í ástarsambandi við bestu vinkonu hennar þakkar hún niður í hvelli og flytur til systur sinnar, Bif, sem býr í London og lumar á ráðum til að hressa systur sína við. Ekki líður á löngu uns Sandra tekur að átta sig á að það er engin ástæða til að leggja árar í bát heldur nota tækifærið til að lifa lífinu til fulls!

Þeir sem kunna að meta rómantískar kómedíur, svo ekki sé talað um breskar „feel good“-myndir eins og þær gerast bestar, eiga eftir að hafa mjög gaman af þessari hressu og fyndnu mynd þar sem nokkrir af bestu og virtustu leikurum Breta fara á kostum. Þótt Sandra sé í byrjun bæði döpur og öskureið yfir framkomu eiginmannsins byrjar hún að taka gleði sína aftur þegar Bif kynnir hana fyrir danshóp sem hún er hluti af – og á eftir að reynast það besta sem fyrir Söndru gat komið!

## Punktur .....

★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Entertainment Weekly* ★★★★★ - *ReelViews* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Wash. Post*

• Þótt Imelda Staunton og Timothy Spall hafi leikið í tveimur sömu *Harry Potter*-myndunum hittust persónur þeirra ekki í þeim og því telst þetta vera í fyrsta sinn sem þau leika hvort á móti öðru í bíómynd. Þau hafa hins vegar þekkt í rúmlega fimmtíu ár eftir að hafa hist þegar þau sóttu leiklistarnám í Royal Academy of Dramatic Art á sjöunda áratug síðustu aldar.



Bresku gæðaleikararnir Imelda Staunton og Timothy Spall leika þau Söndru og Charlie sem verða bestu vinir og dansfélagar.

• Þess utan hafa allir aðalleikarar myndarinnar margoft unnið saman áður síðastliðna áratugi, bæði í bíó- og sjónvarpsmyndum og á sviði.



**Aðalhl.:** Imelda Staunton, Celia Imrie, Timothy Spall og Joanna Lumley **Leikstj.:** Richard Loncraine **Útg.:** Myndform

Gamandrama

10. maí

## Ævintýri í Ástralíu

Teiknimyndirnar um kóalabjörninn Billa Blikk og féлага eru byggðar á bókum eftir nýsjá-lenska rithöfundinn Dorothy Wall, en þær komu út á árunum 1933 til 1937 og hafa allar gótur síðan notið vinsælda víða um heim.

Fyrstu teiknimyndirnar um Billa Blikk voru gerðar upp úr 1990 og leiddu til tölvuteiknaðrar bíómyndar sem var frumsýnd 2017. Í kjölfarið var gerð ný 16-mynda teiknimyndaröð um Billa og vini og ævintýri þeirra og kom fyrri hluti hennar, þ.e. átta þættir, út á sjónvarpsleigunum 15. mars. Hér er svo seinni hlutinn, sem kemur út 10. maí.



**Teiknimyndir** með íslensku tali um Billa Blikk og hina eldhressu féлага hans **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

10. maí





**Að synda eða sökkva**

Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Guillaume Canet, Virginie Efira, Mathieu Amalric, Leïla Bekhti, Benoît Poelvoorde, Jean-Hugues Anglade, Marina Foïs, Philippe Katerine og Noée Abita **Leikstjórn:** Gilles Lellouche **Útgefandi:** Myndform

10. maí



Önnur af þjálfurum liðsins, Delphine, er leikin af Virginie Efira.

**Mundu bara eftir að anda**

**Að synda eða sökkva (Le grand bain)** er einstaklega skemmtileg og launfyndin gamanmynd eftir Gilles Lellouche um átta karla sem hafa hver um sig brennt ýmsar brýr að baki sér. Þeir fá aftur trú bæði á lífið og mátt sinn og megin þegar þeir byrja að æfa saman samhæft sund undir handleiðslu tveggja fyrrverandi afrekskvenna í íþróttinni.

„Hin fullkomna feel-good-mynd“ hefur verið sagt um þessa mynd sem margir hafa einnig líkt við bresku verðlaunamyndina *The Full Monty* sem fór sigurför um heiminn árið 1997. Hér segir af átta körlum sem eru að nálgast miðjan aldur og eiga hver fyrir sig við ýmskonar tilvistarkreppu að stríða, bæði sem tengist einkalífnu og framabrautinni. Fyrir tilviljun liggja leiðir þeirra saman í sundi þar sem sú hugmynd kviknar að þeir fari að æfa svokallað samhæft sund undir stjórn tveggja afrekskvenna í íþróttinni, en hún hefur hingað til verið talin „kvennaíþrótt“. Þrátt fyrir efasemdir og byrjunaröðugleika fara karlarnir átta brátt að finna sig í svamlinu og um leið og þeir verða sífellt betri í því fáum við að kynnst hverjum og einum þeirra nánar, vandamálunum sem þeir glíma við og ekki síst hvað það var sem leiddi þá saman í sundhöllinni. Þetta er mynd sem óhætt er að mæla með við alla sem kunna að meta franskan hómor eins og hann gerist bestur.



Karlarnir átta eru leiknir af nokkrum best þekktu og vinsælustu leikurum Frakka sem óhætt er að segja að fari allir á kostum.

**Punktur .....**

★★★★★ - *Quest France* ★★★★★ - *Hollywood Reporter*  
★★★★★ - *CineSeries* ★★★★★ - *Observer* ★★★★★ - *FilmReport*

- *Að synda eða sökkva* var gamanmynd ársins í Frakklandi 2018 þar sem meira en fjórar milljónir sáu hana í bíó og gagnrýnendur kepptust við að lofa hana í hástert. Hún hlaut tíu tilnefningar til frönsku César-kvikmyndaverðlaunanna, þ. á m. sem besta mynd ársins.
- Myndin, sem var ein af aðalmyndum Frönsku kvikmyndahátíðarinnar sem haldin var hér á landi 6. til 17. febrúar, er byggð á sönnnum atburðum sem gerð voru skil í heimildarmyndinni *Men Who Swim* árið 2010 um sænskt karlalið í samhæfðu sundi sem hreppti heimsmeistaratitilinn í greininni á heimsmeistaramótinu í Milanó 2009.





## The Mule

Sannsóglegt




**Aðalhlutverk:** Clint Eastwood, Bradley Cooper, Taissa Farmiga, Michael Peña, Alison Eastwood, Andy Garcia, Laurence Fishburne og Dianne Wiest **Leikstjórn:** Clint Eastwood **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

13. maí



### Veistu svarið?

Clint Eastwood er fæddur 31. maí 1930 og verður því 89 ára nokkrum dögum eftir að þessi mynd kemur á sjónvarpsleigurnar. Clint hefur hlotið Óskarinn fjórum sinnum, þar af tvisvar fyrir leikstjórn, annars vegar fyrir *Million Dollar Baby* árið 2005 og hins vegar fyrir ...?



Unfriðin 1993.

## Enginn flýr að eilífu

*The Mule* er nýjasta mynd Clints Eastwood sem jafnframt leikur aðalhlutverkið, garðyrkjufraeðinginn Earl Stone sem vegna fjárhagsvandræða tók upp á því á gamals aldri að smygla eiturfjum fyrir mexíkóskan eiturfjáhring frá landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó til Michigan og Arizona þar sem hann kom þeim í hendur dreifenda.

Sagan er byggð á sönnum atburðum og sögu hins nírræða Leo Sharp (sem í myndinni er látinn heita Earl Stone) sem var handtekinn árið 2011 með hátt í 100 kíló af kókaini í bíl sínum eftir að aksturslag hans hafði vakið athygli lögreglumanns. Í ljós kom að Leo hafði um tíu ára skeið stundað stórfellt kókainsmygl beint fyrir framan nefið á landamæraeftirlitinu án þess að vekja nokkurn grun. Vakti málið að vonum athygli enda er Leo sennilega elsti maður sem handtekinn hefur verið sem burðardýr auk þess sem hann var nokkuð þekktur innan garðyrkjusamfélagsins í Bandaríkjunum, sérstaklega fyrir ræktun sína á liljum í ýmsum nýjum litafbrigðum.

Það er Nick Schenk sem skrifar handritið en hann skrifaði m.a. handrit hinnar góðu myndar *The Judge* og myndarinnar *Gran Torino* sem Clint leikstýrði einmitt 2008 með sjálfum sér í aðalhlutverki. Með helsta hlutverk á móti honum í *The Mule* fer Bradley Cooper og er þetta í annað sinn sem þeir tveir vinna saman því eins og menn muna lék Bradley aðalhlutverkið í mynd Clints, *American Sniper*, sem var frumsýnd árið 2014. Með önnur stór hlutverk í myndinni fara svo þau Taissa Farmiga, Michael Peña, Andy Garcia, Laurence Fishburne, Dianne Wiest og dóttir Clints, Alison Eastwood.



Clint Eastwood leikur Earl Stone sem á gamals aldri ákvað að gerast eiturfjasmuglari fyrir mexíkóskan eiturfjáhring.


## Punktar .....

★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *H. Reporter*  
 ★★★★★1/2 - *Observer* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★1/2 - *E.W.*  
 ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *Slate* ★★★★★1/2 - *Screen Intl.*

• Þótt myndin sé að grunni til byggð á sögu Leos Sharp tók handritshöfundurinn sér nokkurt skáldaleyfi við ritun þess í þágu kvikmyndalistarinnar. Hins vegar geta áhugasamir einnig kynnst hinum kostulega og raunverulega Leo Sharp á netinu, m.a. á YouTube.



Bradley Cooper leikur lögreglumanninn Colin Bates sem rannsaðaði athæfi Earls og kostulega söguna í kringum smyglið.



## Cold Pursuit

Spenna / Hasar



**Aðalhlutverk:** Liam Neeson, Emmy Rossum, Laura Dern, Tom Bateman, Tom Jackson, Julia Jones og William Forsythe **Leikstjórn:** Hans Petter Moland **Útgefandi:** Myndform

16. maí



Tom Bateman leikur glæpaforingjann Viking sem Nels er nokkuð viss um að muni ekki snúa frá villu síns vegar upp á eigin spýtur.

### Veistu svarið?

Laura Dern leikur eiginkonu Nels, en hún á glæsilegan 39 ára leikferil að baki sem m.a. hefur aflað henni fimm Golden Globe-verðlauna og tveggja Óskarsverðlaunatilnefninga, síðast árið 2015 fyrir leik í mynd á móti Reese Witherspoon? Hvaða mynd?



PIIM

## Hin fullkomna hefnd

Nels Coxman er heiðursborgari smábæjarins Kehoe í Klettafjöllum og hefur um árabil þjónað bæði bæjarbúum og öðrum vegfarendum með því að halda vegum opnum með öflugum snjóruðningstækjum sem hann ræður yfir. Þegar lögreglan tilkynnir honum að sonur hans hafi fundist látinn breytist allt.

*Cold Pursuit* er eftir norska leikstjórnann Hans Petter Moland en hún er endurgerð hans eigin myndar, *Kraftidioten*, sem var frumsýnd árið 2014 og vakti mikla lukku, enda þrælgóð mynd í alla staði.

Liam Neeson fetar hér í fótspor Stellans Skarsgård í þeirri mynd og leikur heiðursborgara smábæjarins Kehoe, Nels Coxman, sem vinnur við að hreinsa snjó af vegum bæjarins og nágrennis hans með öflugustu snjóruðningstækjum sem völ er á. Þegar sonur hans finnst látinn sannfærast Nels um að eiturfjaskóngur einn á svæðinu beri ábyrgð á dauða hans og sver þess eidd að koma fram hefndum, ekki bara gagnvart honum heldur öllu hans gengi. Málið reynist þó talsvert flóknara en Nels gerði ráð fyrir (þótt það væri nú þegar frekar flókið) þegar inn í það blandast mun erfiðari og hættulegri andstæðingar en þeir sem hann hélt að hann ætti í höggi við ...



Liam Neeson leikur snjóruðningsmanninn og heiðursborgarann Nels Coxman sem ákveður að ganga á milli bols og höfuðs á glæpagenginu sem hann telur bera ábyrgð á dauða sonar síns.

## Punktur .....

★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★ - *E.W.*  
 ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film*  
 ★★★★★ - *Variety* ★★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *Playlist*

• Þess má geta að þótt grunnsagan í *Cold Pursuit* sé sú sama og í *Kraftidioten* hefur atburðarásinni verið breytt talsvert þannig að hún mun jafnvel koma þeim sem sáu frummyndina á óvart.



Nels Coxman er ekki á því að sýna andstæðingum sínum miskunn.




## Alita: Battle Angel

Vísindaskáldsaga / Hasar



**Aðalhlutverk:** Rosa Salazar, Kean Johnson, Mahershala Ali, Jennifer Connelly, Christoph Waltz, Casper Van Dien, Eiza González, Lana Condor, Ed Skrein og Michelle Rodriguez **Leikstjórn:** Robert Rodriguez **Útgefandi:** Sena

16. maí



Þrátt fyrir fingert útlitið býr Alita yfir ógnarkröftum.

### Veistu svarið?

Að öllum öðrum ólöstuðum þá telja margir leikarann Kean Johnson stela hér senunni í hlutverki besta vinar Alitu, Hugo. Þetta er fyrsta bíómynd Keeans en hann mun fara með stórt hlutverk í næstu mynd stórmyndakóngsins Rolands Emmerich. Hvað heitir hún?



Уолриш

### Hvað er hún?

Þegar tæknifræðingurinn Ido finnur höfuð og bók vélmennis á ruslahaug ákveður hann að taka það með sér heim og reyna að kveikja á því á ný. Það tekst og eftir að hafa smíðað nýja útlími á vélmennið nefnir Ido það Alitu. Í ljós kemur að Alita man ekki neitt úr fortíðinni eða hvaða hlutverki hún gegndi en uppgötvar fljótlega að hún býr yfir gríðarlega öflugri bardagataekni sem hún fær fljótlega ástæðu til að láta á reyna.

*Alita: Battle Angel*, sækir efniviðinn í samnefnd manga-teiknimyndablöð japanska rithöfundarins Yukito Kishiro sem komu út á tíunda áratug síðustu aldar og nutu mikilla vinsælda. Það eru þeir félagar James Cameron og Jon Landau (*Titanic*, *Avatar*) sem framleiða myndina og skrifaði James einnig handritið ásamt Laetu Kalogridis (*Shutter Island*, *Terminator Genisys*) og leikstjóra myndarinnar, Robert Rodriguez (*Sin City*, *Machete*). Útkoman er stórskemmtileg ævintýra-, spennu- og hasarmynd og var ekkert til sparað við gerð hennar, síst af öllu hvað tölvubrellurnar varðar sem eru áberandi flottar og tilkomumiklar eins og sjá má í stiklunum ...



Christoph Waltz leikur tæknifræðinginn Ido sem finnur Alitu upphaflega á ruslahaugum og gæðir hana nýju lífi. Alita er leikin af Rosu Salazar sem er einna best þekkt úr *Maze Runner*-myndunum.

### Punktar .....

★★★★ - *Playlist* ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Los Angeles Times*  
 ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★1/2 - *N.Y. Magazine*  
 ★★★★★1/2 - *Slate* ★★★★★1/2 - *Film Threat* ★★★★★ - *The Guardian*  
 ★★★★★ - *ReelViews* ★★★★★ - *Boston Globe* ★★★★★ - *Empire*

• Í allt voru gefnar út níu sögur um Alitu og ævintýri hennar og var efnið í myndina sótt í fyrstu fjórar sögurnar. Gera má fastlega ráð fyrir að a.m.k. ein önnur mynd um ævintýri hennar verði gerð.



Þeir James Cameron og Robert Rodriguez eru aðalmennirnir á bak við gerð myndarinnar. James framleiðir hana og Robert leikstýrir og þeir skrifuðu handritið í sameiningu ásamt Laetu Kalogridis.

## Búið ykkur undir átök



Einstaklega skemmtileg, fjörug, fyndin og viðburðarík ævintýra- og fjölskyldumynd um hinn tólf ára Alex sem fyrir tilviljun finnur sverðið Excalibur og dregur það úr steininum. Um leið vekur hann hina illu norn Morgönu til lífsins, en hún ætlar sér að komast yfir sverðið, hvað sem það kostar.

Eins og flestir sjá í hendi sér er sagan í *The Kid Who Would Be King* sótt í þjóðsöguna um Artúr konung og riddara hringborðsins nema hún gerist í nútímanum. Alex gerir sér í fyrstu hvorki grein fyrir töframætti sverðsins né hvað fundur þess boðar en þegar Merlin seiðkarl birtist og upplýsir hann um það bregður Alex á það ráð að fá nokkra skólafélaga sína í lið með sér. Þeir eru í fyrstu vantrúaðir á sögu Alex, en það breytist snarlega þegar Morgana og hennar illa slekti mætir á svæðið ...

## Punktur .....

★★★★★ - *Playlist* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Film Threat* ★★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★1/2 - *Slant* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter*

- *The Kid Who Would Be King* er önnur mynd Joe Cornish sem leikstjóra en sú fyrri var hin vinsæla mynd *Attack the Block* sem kom út árið 2011.

- Sá sem leikur hlutverk hins unga Alex, Louis Ashbourne Serkis, er eins og nafnið gefur vísbendingu um sonur leikarans Andys Serkis og eigin konu hans, Lorraine Ashbourne.

- Með stærstu hlutverk hinna fullorðnu í myndinni, þ.e. Merlins seiðkarls og hinnar illu Morgönu, fara Patrick Stewart og Rebecca Ferguson.



Það verður enginn meira hissa en Alex sjálfur þegar hann finnur og dregur sverðið Excalibur úr steininum.



**Aðalhl.:** Louis Ashbourne Serkis, Denise Gough og Dean Cain  
**Leikstj.:** Joe Cornish **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

Ævintýri

16. maí



Enska ofurfyrirsætan Naomi Campbell verður 49 ára 22. maí og er alltaf jafn glæsileg og eftirsótt í tískuheiminum. Hún var stödd í Lagos í Nígeríu 9. apríl þar sem hún sýndi m.a. þessa dragt.



Jennifer Lopez er nú að leika í myndinni *Hustlers* eftir Lorene Scafaria og var þessi mynd tekin af henni þegar hún smeygði sér í slopp á milli atriða á settinu í New York 18. apríl.



Anne Hathaway var á sama tíma, 18. apríl, hins vegar stödd í London þar sem hún mætti í viðtalsþátt Grahams Norton, vafalaust að hluta til til að kynna nýjustu mynd sína, *The Hustle*.



**Gefðu allt í dansinn**

Susie Bannion er bandarískur dansari sem kemur til Berlínar til að sækja um danslutverk hjá hinu virta dansstúdíói Helenu Markos. Þar heillar hún einn helsta danshöfund heims, Madame Blanc, upp úr skónum og áður en varir er hún orðin aðaldansari stúdíósins. En hér býr meira að baki en sýnist!

Suspiria er eftir ítalska leikstjórnann Luca Guadagnino, en hann gerði m.a. verðlaunamyndina *Call Me by Your Name* sem var tilnefnd til fernna Óskarsverðlauna í fyrra. Hér býður hann okkur inn í magnaða veröld sem er langt frá því að vera sú sem hún sýnist í fyrstu og segir okkur sögu sem fer létt með að láta hárin rísa ...

**Punktar** .....

- ★★★★★ - *N.Y. Magazine* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Telegraph*
- ★★★★1/2 - *The Verge* ★★★★★1/2 - *The Playlist* ★★★★★1/2 - *L.A. Times*
- ★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★ - *Screen Intern.*
- ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter*

- *Suspiria* hefur eins og sést á stjörnu-gjöfnni hér fyrir ofan hlotið afar góða dóma og þeir eru ófáir sem telja hana á meðal bestu mynda ársins 2018. Myndin hefur enn fremur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, ekki síst fyrir magnaða tónlist (Thom Yorke), klippingu, förðun, kvikmyndatöku, og sviðsetningu.



*Suspiria* er listlega vel gerð mynd í alla staði og þess ber að geta að á meðal leikara í henni er íslenski dansarinn Halla Þórðardóttir sem leikur hlutverk Masciu.

- Myndin er eins og margir vita endurgerð samnefndrar myndar ítalska kvikmynda-gerðarmannsins Darios Argento frá árinu 1977 sem einnig hlaut frábæra dóma og margir kalla tímamótaverk, ekki síst hvað varðar notkun lita og litasamsetninga.

VOD **16** 152 min

**Aðalhl.:** Tilda Swinton, Dakota Johnson, Chloë Grace Moretz og Mia Goth **Leikstjórn:** Luca Guadagnino **Útg.:** Myndform

**Tryllir** **17. maí**

**Mía og ég**

**Komdu með í ævintýralandið Sentópíu**

*Mía og ég* eru tölvuteiknaðir 23 mínútna þættir um hina tólf ára gömlu Míu sem í gegnum gjöf frá föður sínum, sem var uppfinningamaður, getur ferðast inn í álfa- og ævintýralandið Sentópíu þar sem hún breytist sjálf í álfastelpu.



Í Sentópíu búa bæði álfar og margs konar furðudýr svo sem einhyrningar sem Mía tekur miklu ástfóstri við enda skilur hún mál þeirra og þeir hennar. Ásamt þeim og öðrum vinum sínum lendir Mía síðan í margs konar skemmtilegum ævintýrum.



VOD **L** 69 min

**Teiknimyndir um hina 12 ára Míu sem ferðast inn í ævintýralandið Sentópíu** **Útgefandi:** Myndform

**Barnaefni** **17. maí**





## Suma bardaga vinnur enginn

Matty Burton er hnefaleikamaður sem á að baki farsælan feril en telur nú tíma til kominn að hætta þar sem hann er kominn á aldur. Hann samþykkir að berjast í síðasta sinn við öflugan mótherja þar sem miklir peningar eru í boði en fær þar á sig högg sem á eftir að gjörbreyta lífi hans til frambúðar.

*Journeyman* er gríðarlega áhrifamikil og sannferðug mynd þar sem áhorfendum er veitt innsýn í líf fólks sem orðið hefur fyrir heilaskaða. Í tilfelli Mattys missir hann bæði minnið og ýmsa hæfileika sem heilbrigðu fólki finnst sjálfsagt að vera gætt og þarf að byrja upp á nýtt á margan hátt. Myndin þykir frábærlega gerð, hvernig sem á það er litið, er verulega vel leikin og situr lengi eftir í minningu áhorfenda ...

### Punktur .....


★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Screen International* ★★★★★ - *The Guardian*

- *Journeyman* er önnur mynd Paddy Considine sem leikstjóra og handritshöfundar en þá fyrri, *Tyrannosaur*, sendi hann frá sér 2011 og hlaut hún m.a. BAFTA-verðlaunin sem besta byrjandaverk þess árs og Óháðu þresku kvikmyndaverðlaunin sem besta mynd ársins.

- Paddy lagðist í mikla rannsóknarvinnu fyrir gerð myndarinnar á afleiðingum heilaskaða og kynnti sér náið bæði sjónarhorn þeirra sem hafa orðið fyrir slíkum skaða og þeirra nánustu auk þess að ræða við, lækna, sérfræðinga og fólka á hinum ýmsu stofnunum sem sinna slíkum málum.



Paddy Considine bæði skrifar handrit myndarinnar, leikstýrir henni og leikur aðalhlutverkið, boxarann Matty Burton.



**Aðalhl.:** Paddy Considine, Jodie Whittaker, Paul Popplewell og Tony Pitts **Leikstj.:** Paddy Considine **Útg.:** Myndform

Drama

17. maí



Gamandrama

23. maí

## Langa leiðin heim

Yao er þrettán ára senegalskur strákur sem dreymir um að fá einhvern tíma að hitta goðið sitt, franska leikarann Seydou Tall. Dag einn fær hann óvænt tækifæri til þess þegar Seydou kemur til Dakar til að árita bók sem hann skrifaði og ákveður að láta það sér ekki úr greipum ganga.

*Yao* er ljúfsár saga, myndin og skemmtileg en með alvarlegum undirtóni. Þegar þeir Yao og Seydou hittast fyrst og Seydou áttar sig á að þessi ungi strákur lagði á sig 400 kílómetra leið til að hitta hann, peningalaus og svangur, fær hann áhuga á að vita meira um hann. Svo fer að Seydou ákveður að fresta öllum áritunum og fylgja þess í stað Yao aftur heim til sín. Sú ferð verður viðburðarík í meira lagi ekki síst vegna þess að um leið er Seydou í fyrsta sinn að heimsækja og uppgötva sínar eigin rætur ...

### Punktur .....

- *Yao* er þriðja mynd leikstjórans og handritshöfundarins Philippe Godeau, en þær fyrri eru *11.6* frá árinu 2013 og *Le dernier pour la route* sem var frumsýnd 2009 og var m.a. tilnefnd til frönsku César-verðlaunanna sem besta mynd ársins og fyrir besta handritið.



Lionel Louis Basse og Omar Sy í hlutverkum sínum sem þeir Yao og Seydou.

**Aðalhlutverk:** Omar Sy, Lionel Louis Basse og Fatoumata Diawara **Leikstjórn:** Philippe Godeau **Útgefandi:** Sena



Þeir Chris Hemsworth og Paul Rudd litu hressir út á kynningu á *Avengers: Endgame* í Los Angeles 14. apríl en voru um leið þöglir sem gröfin um hvað gerist í henni.



## Fighting with My Family

Sannsóleglegt / Gamanmynd




**Aðalhlutverk:** Florence Pugh, Jack Lowden, Dwayne Johnson, Nick Frost, Vince Vaughn, Lena Headey, Stephen Merchant, Kim Matula og Hannah Rae **Leikstjórn:** Stephen Merchant **Útgefandi:** Myndform

23. maí



### Veistu svarið?

Florence Pugh hefur á skömmum tíma orðið ein eftirsóttasta leikkona Breta, en hún mun m.a. fara með eitt af aðalhlutverkunum í Marvel-myndinni væntanlegu *Black Widow* á móti Scarlett Johansson. Hvert er hið raunverulega nafn svörtu ekkjunnar?



Natasha Romanoff.

## Pú verður að hafa neistann!

Sönn saga glímudrottningarinnar Sarayu-Jade Bevis sem undir sviðsnafninu Britani Knight (síðar Paige) hóf atvinnuferil í glímu þrettán ára gömul og vann sig upp í bandarísku WWE-atvinnumannaglímuna þar sem hún varð aðeins 21 árs að aldri yngsta konan til að vinna svokallaða Divas-glímukeppni.

Þessi merka saga sem hér er sögð á gamansaman hátt sækir efnið að stórum hluta í samnefnda heimildarmynd frá árinu 2012 um bresku Bevis-fjölskylduna, en allir fimm fjölskyldumeðlimirnir voru atvinnumenn í fjölbragðaglímu. Myndin er framleidd af Dwayne Johnson sem leikur einnig sjálfan sig í henni en hann þekkir fjölskylduna vel og hvatti þau til dáða á sínum tíma enda sjálfur einn þekktasti fjölbragðaglímumeistari sögunnar eins og mjög margir vita. Til liðs við sig fékk hann grínistann Stephen Merchant sem skrifaði handritið og leikstýrði myndinni, en Stephen er einna þekktastur sem samstarfsmaður Rickys Gervais og bæði skrifaði, lék í og leikstýrði *Office*- og *Extras*-þáttunum kostulegu. Við förum ekki nánar út í söguþráð *Fighting with My Family* hér en lofum því að um er að ræða frábæra mynd sem veldur engum vonbrigðum.



Sarayu-Jade Bevis, eða Paige eins og hún er nefnd í myndinni, er leikin af hinni 23 ára gömlu Florence Pugh sem vakti m.a. mikla athygli fyrir frábæran leik í myndinni *Lady Macbeth* árið 2016 og sem Charlie í bresku sjónvarpsþáttaröðinni *The Little Drummer Girl*.

## Punktar .....

★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★ - *Observer* ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Film Threat* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *R. Stone* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★1/2 - *N.Y. Post*

• Myndin hefur eins og sést fengið fína dóma gagnrýnenda og er með 7,6 í einkunn á *Imdb.com* og 93% „fresh“ á *Rotten Tomatoes*.



Stephen Merchant leikstjóri og handritshöfundur *Fighting with My Family* og Dwayne Johnson sem framleiðir. Þeir leika líka báðir í myndinni.



**Aðalhlutverk:** Gaspard Ulliel, Adele Haenel, Olivier Gourmet og Laurent Lafitte **Leikstjórn:** Pierre Schoeller **Útg.:** Myndform

Sannsgulegt

24. maí

## Allt fyrir frelsið

**One Nation, One King** (*Un peuple et son roi*) er sögulegt skáldverk sem gerist í Frönsku byltingunni á árunum 1789–1793. Örlög almúgakarla og kvenna og sögufrægra persóna eins og t.d. Robespierres, Marats, Desmoulines og Dantons fléttast saman í aðdraganda byltingarinnar en þungamiðja sögunnar eru afdrif konungsins, Lúðvíks 16., og stofnun franska lýðveldisins.

Þeir sem hafa gaman af sögulegum kvikmyndastórvirkjum ættu að kíkja á þessa mynd þar sem margir af þekktustu leikurum Frakka eru samankomnir undir stjórn leikstjórans og handritshöfundar myndarinnar Pierres Schoeller. Hann fer þá leið hér að sýna aðdraganda og fyrstu ár Frönsku byltingarinnar frá mjög víðu sjónarhorni þar sem áhorfendur kynnast ekki bara fólki og þátttakendum af öllum stigum og stéttum þjóðfélagsins heldur og kjörum þeirra og daglegu lífi mitt í allri ringulreiðinni sem fylgdi þessari sögulegu byltingu – sem gjörbreytti síðan allri Evrópu.

## Punktur .....

- Myndin, sem var opnunarmynd Frönsku kvikmyndahátíðarinnar í febrúar þar sem hún var nefnd *Lýðurinn og konungur hans*, naut mikilla vinsælda í kvikmynda-húsum í Frakklandi og var tilnefnd til tvennra César-verðlauna, fyrir búninga-hönnun og sviðsetningu, en hún var að miklu leyti tekin upp á þeim stöðum sem hún gerist á, bæði í París og úti á landi.



Konungurinn þegar byltingin hófst, Lúðvík 16., er leikinn af Laurent Lafitte.

- Þetta er þriðja mynd franska leikstjórans og handritshöfundarins Pierres Schoeller sem gerði einnig myndirnar *Versailles* árið 2008 og hina margverðlaunuðu *The Minister* (*L'exercice de l'État*) árið 2011.



**Aðalhlutv.:** Patrick Wilson, Amy Smart, Lynn Collins og Rashida Jones **Leikstj.:** Tracey Hecht **Útg.:** Myndform

Drama/rómantík

24. maí

## Gallinn í sögunni

**Við fyrstu sýn virðist Will hinn mesti lukkunnar pamfill. Hann er vel kvæntur hinni rögg sömu Catherine, á ungan og efnilegan son, rekur sitt eigið verkfræðifyrirtæki og stendur til boða að sameina það öðru fyrirtæki sem myndi tryggja alla fjárhagslega framtíð hans. En það er samt eitthvað að.**

Það má segja að *Matters of the Heart* tilheyrir kvikmyndaflökki sem á ensku er oft kallaður „Slice of life“. Í þann flokk fara raunsannar sögur af venjulegu fólki í hversdagslegum aðstæðum eins og Will sem er arkitekt að mennt og hefur komið ár sinni vel fyrir borð – eða svo virðist vera. Þegar honum býðst að sameina sitt fyrirtæki öðru sem myndi tryggja fjölskyldu hans örugga framtíð, eiginkonu hans til mikillar ánægju, renna þó á hann tvær grímur. Þegar hann síðan hittir hina brosmildu Kate fer hann að gera sér ljóst hver gallinn við líf hans er og hvernig hann lagar hann ...



Það er Patrick Wilson sem leikur arkitektinn Will sem áttar sig á því þegar hann hittir hina brosmildu og lífsglöðu Kate (Lynn Collins) hvað vantar inn í líf hans.

## Köttur og kakkalakkar



Kötturinn Oggy er alveg einstaklega uppátækjasamur og víðförull en glímir við það vandamál að honum fylgja þrír kakkalakkar sem eiga það til að gera honum lífið leitt.

Teiknimyndirnar um Oggy og kakkalakkana eru eftir þá Jean-Yves Raimbaud og Marc Du Pontavice og hófu göngu sína í sjónvarpi árið 1998. Þetta eru 10 mínútna eldfjörugir þættir þar sem Oggy lendir í ótrúlegustu ævintýrum ásamt félögum sínum sem eru hver öðrum litríkari auk þess sem kakkalakkarnir þrír eru aldrei langt undan. Þættirnir innihalda ekkert talmál en mjög fyndin leikhljóð sem allir skilja.



VOD L 80 min

Teiknimyndasýrpa þar sem Oggy og félagar fara á kostum í mörgum ævintýrum **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

24. maí



Það er eins og Lisa Bonet sé hér í sannkölluðum tröllaselskap þar sem hún stendur á milli eiginmanns síns, Jasons Momoa, og danska leikarans Nikolajs Coster-Waldau. Við vitum ekki tilefnið.



Leik- og vinkonurnar Charlize Theron og Jamie Lee Curtis stilltu sér upp fyrir myndatöku þegar þær hittust á Cinema Con-ráðstefnunni sem haldin var í Caesars Palace í Los Angeles 2. apríl.



Sama gerðu þau David Harbour og Olivia Wilde sem mætt voru á Cinema Con til að kynna myndir sínar, *Hellboy* sem David leikur titilhlutverkið í og *Booksmart* sem Olivia leikstýrir.



## The Favourite

Gamandrama



**Aðalhlutverk:** Olivia Colman, Emma Stone, Rachel Weisz, Nicholas Hoult, Joe Alwyn, Mark Gatiss, James Smith og Jenny Rainsford  
**Leikstjórn:** Yorgos Lanthimos **Útgefendur:** Síminn og Vodafone

28. maí



Frá upptökum á einu atriði myndarinnar. Emma Stone og gríski leikstjórninn Yorgos Lanthimos ræða málin.

### Veistu svarið?

*The Favourite* er sjöunda mynd gríska leikstjórans Yorgos Lanthimos og um leið þriðja myndin sem hann gerir á ensku. Tvær þær fyrri, sem frumsýndar voru 2015 og 2017, vöktu mikla athygli og voru einnig margverðlaunaðar. Hvað heita þær?



The Lobster og The Killing of a Sacred Deer.

## Hver er drottningin?

*The Favourite* gerist á valdatíma Önnu Englandsdrottningar (1702–1714) og hefst árið 1708 þegar stríð Englendinga og Frakka stóð sem hæst. Hér er blandað saman sannsögulegum atburðum og flugbeittum húmor (sem verður nokkuð svartur á köflum) og útkoman er einstök mynd í alla staði sem kvikmyndaáhugafólk ætti alls ekki að láta fram hjá sér fara.

Anna drottning var alla tíð frekar heilsulítill og hafði mun meiri áhuga á eigin hugðarefnum en stjórnámálum. Það reyndu ýmsir að nýta sér, þ. á m. hennar hægri hönd, Sarah Churchill, hertogaynja af Marlborough, sem einnig var ástkona hennar. En þegar frænka Söruh, hin smánaða barónessa Abigail Masham, kemur til hirðarinnar í atvinnuleit hefst valdabarátta sem á eftir að breyta öllu ...



Leikkonurnar þrjár sem fara með aðalhlutverkin í *The Favourite*, Rachel Weisz, Olivia Colman og Emma Stone, hafa allar verið margverðlaunaðar fyrir leik sinn sem þær Lady Sarah, Anna drottning og Abigail.

## Punktur .....

★★★★★ - Total Film ★★★★★ - CineVue ★★★★★ - C. Tribune  
 ★★★★★ - N.Y. Times ★★★★★ - L.A. Times ★★★★★ - R. Stone  
 ★★★★★ - Screen ★★★★★ - H. Reporter ★★★★★ - Playlist  
 ★★★★★ - N.Y. Times ★★★★★ - L.A. Times ★★★★★ - R. Stone  
 ★★★★★ - N.Y. Post ★★★★★1/2 - Vanity Fair ★★★★★1/2 - Variety  
 ★★★★★ - RogerEbert.com ★★★★★1/2 - E. W. ★★★★★ - Empire

- *The Favourite* er með 9,0 í meðaleinkunn á Metacritic frá 53 gagnrýnendum en slíkum toppárangri þar ná ekki margar myndir.
- Myndin er einhver mest verðlaunaða mynd ársins og var tilnefnd til 5 Golden Globe-verðlauna, 12 BAFTA-verðlauna og 10 Óskarsverðlauna. Í öllum tilfellum hrepti Olivia Coleman verðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna, enda frábær í hlutverki Önnu drottningar.



Öll sviðsetning myndarinnar, búningar og fördun er fyrsta flokks.



## The Upside

Gamandrama



**Aðalhlutverk:** Bryan Cranston, Kevin Hart, Nicole Kidman, Julianna Margulies, Tate Donovan, Golshifteh Farahani, Aja Naomi King, Genevieve Angelson og Suzanne Savoy **Leikstjórn:** Neil Burger **Útgefandi:** Myndform

29. maí



Nicole Kidman leikur aðstoðarkonu Philips, Yvonne Pendleton.

### Veistu svarið?

Nicole Kidman bætti fjöður í sinn hatt þegar *The Upside* og önnur þekkt mynd sem hún leikur í lentu í toppsætunum tveimur yfir mest sóttu myndirnar á frumsýningarhelgi *The Upside* 11.-13. janúar í Bandaríkjunum, en slíkt gerist sjaldan. Hver var hin myndin?



*©uowanby*

## Ekkert verður eins og áður ...

Eftir að smáglæpamanninum Dell Scott er sleppt úr fangelsi á skilorði þarf hann að sýna fram á að hann sé að leita sér að vinnu til að eiga ekki á hættu að vera settur inn aftur. Sú viðleitni landar honum starfi hjá auðkýfingnum Philip Lacasse sem þarf á umönnun að halda þar sem hann er lamaður. Vandamálið er að Dell hefur hvorki menntunina til að sinna þessu starfi né nokkra hæfileika til þess heldur - eða hvað?

*The Upside* er bandarísk endurgerð hinnar vinsælu frönsku myndar *Untouchable* sem sló m.a. í gegn hér á landi og varð ein vinsælasta mynd ársins 2012. Þar voru það þeir François Cluzet og Omar Sy sem fóru með aðalhlutverkin en í þetta sinn eru það þeir Bryan Cranston og Kevin Hart sem túlka þessa tvo menn sem eru algjörar andstæður að öllu leyti – eða það hefði maður a.m.k. haldið fyrirfram. Það óvænta gerist hins vegar að á milli þeirra byrjar að þróast innilegt vinasamband sem á eftir að gera líf þeirra beggja betra því báðir hafa þeir af miklu að miðla þótt lífshlaup þeirra hafi verið ólík fram að þeim tímamarki þegar þeir hittast í fyrsta skipti ...



Kevin Hart leikur smáglæpamanninn Dell Scott sem auðmaðurinn Philip Lacasse ræður í sína þjónustu, en hann er lamaður eftir að hafa lent í svifdrekaslysi þar sem eiginkona hans lét lífið.

## Punktar .....

★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★1/2 - *S.F. Chronicle* ★★★★★1/2 - *Screen*  
★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★ - *N.Y. Post* ★★★★★ - *Boston Globe*  
★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *E.W.*

• Eins og margir vita þá er sagan í *The Upside* byggð á sannri sögu þeirra Philippos Pozzo di Borgo og Abdels Sellou sem m.a. var gerð skil í heimildarmyndinni *La vie comme un roman: A la vie, à la mort* eftir Isabelle Cottencau og Jean-Pierre Devillers árið 2003.





## Mary Queen of Scots

Drama / Sannsógulegt



**Aðalhlutverk:** Saoirse Ronan, Margot Robbie, Jack Lowden, Joe Alwyn, David Tennant, Guy Pearce, Gemma Chan, Martin Compston, Ismael Cruz Córdova og Ian Hart **Leikstjórn:** Josie Rourke  
**Útgefandi:** Myndform

29. maí



### Veistu svarið?

Þetta er í fyrsta sinn sem þær Saoirse Ronan og Margot Robbie leika hvor á móti annari og þykja þær báðar sýna stórleik í hlutverkum sínum og samleik. Þær eiga það líka sameiginlegt að bera millinöfn sem eru þó sjaldan notuð. Hver eru þau?



Þær heita fullu nafni Margot Elise Robbie og Saoirse Una Ronan.

## Baráttan um völdin

Hin vandaða mynd *Mary Queen of Scots* eftir Josie Rourke kemur út á DVD 29. maí en í henni leika gæðaleikkonurnar Saoirse Ronan og Margot Robbie þær Maríu Stúart Skotadrottningu annars vegar og hins vegar Elísabetu 1. Englandsdrottningu, en þær háðu afdrifaríka baráttu um völdin yfir Bretlandseyjum um miðja sextánda öld.

Myndin er byggð á bókinni *Queen of Scots: The True Life of Mary Stuart* eftir John Guy sem kom út árið 2004 og lýsti eins og titillinn ber með sér fyrst og fremst lífi Maríu Stúart sem var fædd árið 1542 og var réttborin drottning Skota. Hún ólst þó að mestu upp í Frakklandi þar sem hún giftist aðeins sextán ára að aldri verðandi konungi Frakka, Frans 2., sem tók nokkrum mánuðum síðar við konungdóminum og lést svo nokkrum mánuðum eftir það. Átján ára að aldri var María því bæði orðin ekkja og drottning Frakklands auk þess að vera eins og áður segir réttborin drottning Skota.

Á þessum tíma gerðu bæði Frakkar og Englendingar tilkall til yfirráða í Skotlandi og lögðu Frakkar hart að Maríu að taka undir kröfur þeirra. Það vildi hún hins vegar ekki gera og ákvað að fara frekar til Skotlands og taka þar við völdum sem drottning Skota. Hún giftist aftur en varð ekkja skömmu síðar í annað sinn þegar eiginmaður hennar var myrtur. Í hönd fóru róstusamir tímar þar sem einkalíf Maríu var á milli tannanna á fólki. Þegar María ákvað svo að gera tilkall til ensku krúnunnar hófst mögnuð baráttu milli hennar og frænku hennar, Elísabetar 1. Englandsdrottningar.



Saoirse Ronan leikur Maríu Stúart Skotadrottningu sem aðeins rúmlega tvítug að aldri var orðin tvöföld ekkja og drottning tveggja landa.

## Punktar .....

★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *Playlist* ★★★★★1/2 - *Entert. W.*  
★★★★ - *The Observer* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Empire*  
★★★★ - *Guardian* ★★★★★1/2 - *Time* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone*

• Þótt bókinn sem myndin byggist á þyki vandað verk deila sagnfræðingar um hvort þær María Stúart og Elísabet 1. hafi í raun og veru hist augliti til auglits. Engin áþreifanleg gögn eða heimildir eru til um slíkan fund en um það og fleiri sagnfræðileg álitaefni sem varða trúverðugleika sögunnar má að sjálfsögðu lesa á netinu.




Margot Robbie leikur Elísabetu 1. Englandsdrottningu sem var síður en svo tilbúin til að afsala sér völdum til Maríu Stúart.

Í tilefni af því að fjórða *Men in Black*-myndin verður frumsýnd í bíóhúsum 14. júní, eins og lesa má um hér hinum megin í blaðinu, verða fyrri myndirnar þrjár endurútgefnar á sjónvarpsleigunum 30. maí, bæði til upprifjunar fyrir alla gamla aðdáendur þessarar skemmtilegu kvikmyndaseríu svo og þær kynslóðir sem vaxið hafa úr grasi á þeim 22 árum síðan fyrsta myndin var frumsýnd.



VOD 12 96 min 30. maí



VOD 6 88 min 30. maí




VOD 9 106 min 30. maí

Fyrsta *Men in Black*-myndin var frumsýnd í júlí árið 1997 og sló hressilega í gegn enda bæði frumleg og myndin. Þarna kynntust áhorfendur fyrst hinni leynilegu MIB-sveit sem hafði það verkefni með höndum að fylgjast með öllum þeim aragrúa geimvera sem flutt höfðu til Jarðar og bjuggu nú að meðal grunlausra manna. Við og við átti ein og ein af þessum geimverum það til að vera með uppsteyt og þá kom til kasta mannanna í svörtu að tukta þær til og kippa málunum í liðinn – á sinn hátt.

Eftir 1997-myndina er óhætt að segja að kvikmyndaáhugafólk hafi beðið spennt eftir næstu mynd sem var svo loksins frumsýnd fimm árum síðar, eða í júlí 2002. Þar þurftu þeir J og K (Will Smith og Tommy Lee Jones) á ný að taka á honum stóra sínum þegar hin öfluga Serleena (Lara Flynn Boyle) kom til Jarðar ásamt ófrýnilegu fylgdarliði sínu og hugðist fara sínu fram. Til að byrja með vafði hún J um fingur sér en auðvitað kom hann til sjálfs sín að lokum og sendi hana aftur til síns heima, dyggilega studdur af K.

Það liðu síðan tæplega sjö ár þar til þriðja *Men in Black*-myndin kom í bíó en hún var frumsýnd í maí 2012 og sló báðum fyrri myndunum við í vinsældum. Í þetta sinn var aðalóvinurinn hinn illa innrætti Boris the Animal sem hafði tekist að snúa á MIB-sveitina með því að fara aftur í tímann og myrða K svo hann setti honum ekki stólinn fyrir dyrnar í framtíðinni. Eina ráðið við þessu var að senda J enn aftur í tímann og bjarga lífi K áður en Boris léti til skarar skriða. Það tókst auðvitað, en var engan veginn vandræðalaust.







**Aðalhl.:** Isabelle Huppert, Chloë Grace Moretz, Maika Monroe og Colm Feore **Leikstjórn:** Neil Jordan **Útgefandi:** Myndform

Ráðgáta/tryllir

31. maí

## Leikurinn er rétt að byrja

Frances er ung stúlka sem dag einn finnur handtösku sem einhver hefur gleymt í sæti lestar. Í töskunni er sem betur fer að finna nafnskírteini eigandans, Gretu Hideg, sem Frances ákveður í framhaldinu að finna og koma töskunni til. Hún gerir sér auðvitað enga grein fyrir að töskufundurinn er í raun lífshættuleg gildra sem hún er um það bil að fara að ganga í.

Eigandi töskunnar, hin miðaldra Greta, virðist í fyrstu vera hin viðkunnanlegasta og svo fer að á milli hennar og Frances myndast ákveðinn vinskapur sem leiðir til þess að Frances fer að venja komur sínar á heimili hennar. Kvöld eitt rekst hún hins vegar á vísbendingar sem hringja öllum viðvörunarbjöllum – en kannski er það of seint?

## Punktur .....

★★★★ - *Wrap* ★★★1/2 - *Observer* ★★★1/2 - *Slant* ★★★1/2 - *IndiWire* ★★★1/2 - *Playlist* ★★★1/2 - *Variety* ★★★1/2 - *Screen* ★★★1/2 - *R. Stone* ★★★1/2 - *The Hollywood Reporter* ★★★1/2 - *Entertainment Weekly*

Óskarsverðlaunahafinn Neil Jordan á margar góðar myndir að baki og má segja að þær séu nær allar mjög góðar eða a.m.k. langt yfir meðallagi. Af þekktustu myndum hans í gegnum árin má nefna *The Company of Wolves*, *Mona Lisa*, *The Crying Game*, *Michael Collins*, *Interview with the Vampire*, *The End of the Affair*, *The Good Thief* og *Ondine*.

Nánast allir sem skrifað hafa um þessa mynd segja að hún sé frábærlega leikin af aðalleikkonunum Isabelle Huppert og Chloë Grace Moretz, og bjóði upp á mjög skemmtilegar og óvæntar fléttur.



Í fyrstu ná þær Frances og Greta ágætlega saman, en það á eftir að breytast. Chloë Grace Moretz og Isabelle Huppert í hlutverkum sínum í myndinni.



**Teiknimyndir** um Tappa mús, fjölskyldu hans og dagleg ævintýri þeirra **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

31. maí

## Tappi mús

Tölvuteiknuðu þættirnir um Tappa mús eru 8 mínútur á lengd og inniheldur hver þáttur sjálfstæða sögu um ævintýri hans og þeirra sem hann þekkir.

Þessar skemmtilegu teiknimyndir eru byggðar á barnabókum eftir ítalska höfundinn Andrea Dami með teikningum eftir Marco Campanella en þær hafa verið þýddar á meira en 30 tungumál á undanförunum árum. Hver einasti dagur ber í skauti sér ný tækifæri fyrir Tappa til að kanna veröldina og undrin sem í henni leynast ásamt fjölskyldu sinni og vinahóp þar sem kætin og gleðin ræður ætíð för.





**NÝTT ÚTLIT**  
**SAMA GÓÐA BRAGÐIÐ**



**TASTE THE FEELING®**



**Tegund:** Hasarleikur

**Kemur út á:** PS4

**PEGI aldurstakmark:** 18+

**Útgáfudagur:** Kominn út

**Framleiðandi:** Sony Interactive Entertainment Europe

**Útgefandi:** Sena


## Days Gone

**Days Gone er nýr og æsispennandi hasarleikur sem gerist í algjörlega frjálsum og opnum heimi.**

Sögusvið leiksins eru eyðilendur í norðvesturhluta Bandaríkjanna (Pacific Northwest), en leikurinn hefst tveimur árum eftir að dularfull farsótt hefur nánað gert út af við mannkynið. Flestir sem veiktust dóu, en milljónir hinna sýktu umbreyttust í grimmar skepnur sem hafa fátt annað við að vera en að drepa.

Þeir sem lifðu af og sluppu búa nú í heimi þar sem allt er af skornum skammti, ofbeldi og morð eru daglegt brauð og kvikindin (freakies) vafra um í leit að næstu fórnarlömbum. Leikmenn fara í hlutverk Deacons St. John sem er grjótharður gaur sem lifir á brúninni. Hann kemst af með því að nýta reynslu sína, en áður en ósköpin dundu yfir var okkar maður í mótörhjótlaklíku þar sem ofbeldi var daglegt brauð þannig að þeir hlutir eru ekkert nýtt verkefni fyrir hann.

Leikurinn inniheldur spennandi og safaríkan söguþráð þar sem leikmenn þurfa að rannsaka umhverfið, upplifa ást og missi, vináttu, hefnd og örvæntingu.



## Team Sonic Racing



**Tegund:** Kartleikur  
**Kemur út á:** PS4, Switch  
**PEGI aldurstakmark:** 3+  
**Útgáfudagur:** 21. maí  
**Framleiðandi:** Sega  
**Útgefandi:** Sena



Ethan Hawke var á röltinu í New York 11. apríl en hann er nú að undirbúa sig undir hlutverk uppfinningamannsins og frumkvöðulsins Nikola Tesla í mynd um hann eftir Michael Almereyda.



Ryan Reynolds og Samuel L. Jackson eyddu meiri hluta aprílmánaðar í Króatíu þar sem verið var að taka upp framhald myndarinnar *The Hitman's Bodyguard* sem gerði það gott 2017.



Eitthvað mjög fyndið hefur greinilega gerst hjá þeim Sam Rockwell og Michelle Williams þar sem þau voru mætt á kynningu á sjónvarpsþáttunum *Fosse/Verdon* 8. apríl í N.Y.



## Blood & Truth

Með VR-græjunni í PlayStation 4 og *Blood and Truth*-leiknum getur þú loksins orðið hasarhetja í þinni eigin hasarmynd sem er uppfull af sprengingum og látum.

Hér skella leikmenn sér í hlutverk Ryans Marks, en hann er SAS-hermaður sem þarf að berjast í gegnum undirheima Lundúna þar sem glæpamennskan ræður ríkjum. Að þessu sinni er allt undir hjá Mark, þ.m.t. velferð og öryggi fjölskyldu hans, og til að bjarga henni þarf okkar maður að taka niður heilt glæpaveldi. Leikurinn er uppfullur af stórskemmtilegum hasaratríðum þar sem leikmenn þurfa að aka um svæðin, henda sér út í fallhlíf, sveifla sér á milli bygginga og margt fleira. VR-tæknin í PlayStation 4 gerir leikinn það raunverulegan að leikmenn upplifa sig eins og þeir séu algjörlega inni í honum í eigin persónu.

**Tegund:** Skotleikur




**Kemur út á:** PS4 VR

**PEGI aldurstakmark:** 16+

**Útgáfudagur:** 29. maí

**Framleiðandi:** Sony Interactive Entertainment Europe

**Útgefandi:** Sena





Í tilefni af 30 ára afmæli myndarinnar *When Harry Met Sally* mættu aðalleikararnir, Meg Ryan og Billy Crystal, á sérstaka hátíðarsýningu á henni við upphaf TCM Classic kvikmynda-hátíðarinnar í Los Angeles 11. apríl.



Þessi mynd var tekin sirka 1999 þegar þessi ungi maður var nýgenginn til liðs við *Baywatch*-teymið í samnefndri sjónvarpsþeríu, löngu áður en hann varð heimspektur. Hver er þetta? Hint: Það er ný mynd af honum á bls. 28.



Við reiknum ekki með að margir lesendur kannist enn sem komið er við þessa leikkonu en hún heitir Yara Shahidi og hefur ástæðu til að brosa því fyrsta bíómyndin með henni í aðalhlutverki verður frumsýnd í júní.



Kurt Russell hló dátt við upphaf TCM Classic kvikmyndahátíðarinnar í Los Angeles 11. apríl., þar sem hann var einn af heiðursgestunum. Við sjáum hann næst í mynd Quentins Tarantino, *Once Upon a Time in Hollywood*.



Þessi mynd og fleiri slíkar af Jude Law vöktu mikla athygli í apríl, en hann er hér að leika í nýrri þáttaröð um bandaríska páfann Lenny Belardo eins og hann gerði árið 2016 í *The Young Pope*. Í þetta sinn munu þættirnir heita *The New Pope*.



Þetta eru leikkonurnar eldhressu, Kaitlyn Dever og Beanie Feldstein, en þær leika aðalhlutverkin í myndinni *Booksmart* sem frumsýnd verður 31. maí og þú getur lesið nánar um með því að fletta á næstu síðu og snúa blaðinu við.